

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfissviðs Mosfellsbæjar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið:

1. að stöðvunarskylda verði á Kvíslartungu gagnvart umferð um Tunguveg.  
Stöðvunarskyldan er merkt með umferðarmerkinu B19.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að biðskylda verði á Þverholti og Skeiðholti gagnvart umferð um nýtt hringtorg á gatnamótunum.  
Biðskyldan er merkt með umferðarmerkinu A06.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
3. að settar verði gangbrautarmerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á eftirtöldum stöðum:  
Kvíslartungu austan Tunguvegar.  
Beggja vegna gatnamóta nýs hringtorgs á Þverholti og Skeiðholti.  
Norðan hringtorgs á Þverholti og austan hringtorgs á Háholti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 29. október 2015.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2015